



SKÝRSLA STJÓRNAR 2017

Stjórnin sem nú er að ljúka störfum hélt 9 stjórnarfundum á tímabilinu. Við höfum sent efni á heimasíðuna nánast eftir hvern fund.

Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að loka spjalli á heimasíðu sem og athugasemda kerfum við fréttir. Við teljum að með því hafi komist á friður í félaginu sem er nauðsynlegt fyrir okkar félagsskap. Félagið á að sameina en ekki sundra, og má félagið aldrei verða til þess að félagsmenn geti ekki átt eðlileg og vinsamleg samskipti. Við erum í þessu félagi vegna þess að við viljum búa til skemmtilegt, öruggt og gott samfélag saman og alltaf í sátt og samlyndi við allt og alla.

Eins og áður segir þá hélt stjórn 9 fundum en þess utan hafa einstakir stjórnarmenn átt fundum við einstaka aðila í þeim tilgangi að efla okkur innávið. Þar má nefna aðila eins og Xavier Rodrigues spænskan lögmann búsettan á Íslandi og vinnur að hluta til hjá ræðismanni Spánar á Íslandi, Manuel Sanches Zeron endurskoðandi á Spáni og rekur þar fyrirtæki sitt Cove Advisers staðsett í Cabo Roig, Mariano Madrid einn þriggja stofnenda lögræðifyrirtækis GM Legal services staðsett í Guardimar en allir eru þetta samstarfsaðilar okkar í dag og sagt er frá þeim á heimasíðunni okkar.

Nýlega var fundað með Vita ferðum og þó ekki hafi komist á samningur þá fengum við a.m.k. happdrættisvinninga frá þeim fyrir Grísaveisluna í kvöld og vonandi síðar auglýsa þeir á heimasíðu okkar.

Þá var fundað með formanni nýstofnaðs íslendingafélags á Spáni Guðmundi Þór Sigurbjörnssyni til að fá smá innsýn inn í tilgang þess félags.

Við höfum verið í tölvusamskiptum við fyrirtæki eins og Norwegian, Heimsferðir, Tryggingar og ráðgjöf og síðast en ekki síst utanfiskiráðuneytið en eins og þið vitið þá var í fyrsta sinn hægt að kjósa til Alþingis s.l. haust í Orihuela. Við höfum síðan



verið í ágætu sambandi við fulltrúa ráðuneytisins en stóra markmiðið er að fá ræðismann inn á svæði okkar og er ráðuneytið að vinna í því máli.

Við erum í samstarfi við Goldcar og verðum líklega áfram. Þetta samstarf gefur smávegis af sér til okkar. Við heyrðum af kvörtunum með þjónustu Goldcar, Við greindum þessar kvartanir og margar voru vegna misskilnings eða þekkingarleysis á reglum Goldcar. Við brugðist við með því að koma með betri upplýsingar á heimasíðuna og er mikilvægt að lesa þær áður en bíll er pantaður. Okkar tengiliður hjá Goldcar hefur svarað okkur nokkuð hratt og vel þegar við höfum leitað til hans. Við höfum ekki annað í huga en að halda þessu samstarfi áfram. Hins vegar má vel vera að við bætum við aðila en það kemur þá í ljós síðar.

Við settum nýja heimasíðu í loftið í September. Vinna við hana tók lengri tíma en við vildum og því miður komu upp mál sem oft fylgja svona verkefnum. Í þessu sambandi má nefna að lykilorð hjá mörgum notendum fluttist ekki með frá gömlu síðunni yfir á þá nýju en við vonum að það sé nú komið í lag. Viðburðadagatal datt út, það er komið nýtt inn, en það þarf að fara yfir alla viðburðir því þær færslur varð að slá inn aftur.

Uppsetning á nýju síðunni var unninn í sjálfböðavinnu af Presti Kristóferssyni FHS félaga. Þröstur hefur verið í miklum samskiptum við formann og varaformann mest með tölvupóstum en líka í gegnum síma. Einu sinni komum við þó saman á laugardegi og tókum fund í Reykjavík. Samstarf við Þröst hefur verið einstaklega gott og vil ég þakka honum fyrir hans mikla vinnuframlag. Þröstur hefur boðið okkur áframhaldandi aðstoð varðandi síðuna.

Það eru nokkra undirsíður á heimasíðunni sem vert er að benda á og þar má nefna fyrstu skrefin en það er opin síðan fyrir þá sem eru nýir. Flutningsaðilar er önnur, fréttasíða með tenglum á fréttasíður og greinar. Við erum með síðu fyrir fundargerðir og ársreikninga o.s.frv. og er um að gera að vafra um síðuna okkar og kynna sér efni hennar.

Við erum á facebook og eru rúmlega 1300 sem fylgja okkur þar í dag. Fyrir ári voru rúmlega 600 sem fylgjendur þannig að aukningin er ágæt þó svo við hefðum viljað



hafa fleiri. Við notum facebook á aðeins annan hátt en heimasíðuna og því er um að gera að fylgja okkur á facebook líka.

Í febrúar í fyrra talaði ég um að við þyrftum að skoða innviðina, flugsamningar var stóra verkefnið okkar en er það ekki í dag. Við munum þó fylgjast með þróun mála og koma upplýsingum á framfæri til félagsmanna um flug ef staðan breytist. Það má líka geta þess að ferðaskrifstofur eins og Heimsferðir og Vita munu senda tilboð á okkur sem við komum á framfæri til félagsmanna í gegnum heimasíðuna fyrst en síðan á facebook.

“Öryggi félagsmanna” er stóra verkefni okkar í dag og er það sem skiptir okkur mestu máli. Við settum upp á heimasíðu okkar síðu sem fékk nafnið Öryggisnetið. Þar inn setjum við inn efni sem allir félagsmenn ættu að skoða reglulega, því efnið er uppfæra reglulega. Við viljum fá upplýsingar frá ykkur félagsmönnum um allt sem snýr að öryggi og þið metið að eigi erindi á hópinn. Í október fengum efni frá Hólmsteini Björnssyni og sagði hann okkur frá erfiðri reynslu þegar kona hans veiktist. Inntak í erindi Hólmsteins var tryggingamál og mikilvægi þess að vera vel tryggður. Við þurfum að vinna með þetta verkefni áfram og greina þarfir okkar, jafnvel kanna hjá tryggingafélögum með einhverskonar samstarf.

Öryggissíminn okkar er það sem við greiðum fyrir og er stór þáttur í öryggisnetinu. Af félagsgjöldum okkar fer um þriðjungur í símann. Við gerum kröfu um að í símann verði svarað 24 tíma á sólarhring. Því miður komu upp tilfelli á liðnu tímabili þar sem ekki var svarað og er afar erfitt að taka við kvörtunum um slíkt því varnir eru engar, þetta er atriði sem á alltaf að vera lagi.

Nú í janúar sagði Hanna María Jónsdóttir sig frá störfum fyrir félagið af persónulegum ástæðum. Við þökkum henni fyrir vinnuframlagið undanfarin ár og óskum henni velfarnaðar.

Aðrir þjónustuaðilar sem við vísuðum á á liðnu tímabili eru Ágústa Pálsdóttir, Sigríður Blöndal, og á Kanarí Jón Ottó Rögnvaldsson og vil ég þakka þeim fyrir veitta aðstoð, því þetta er ekki sjálfgefin þjónusta. Við vonum að við fáum áfram að njóta þeirra þjónustu á næsta tímabili.



Nú nýverið gerðum við samkomulag við Ásgerði Ágústu Andreasen um að taka við verkefnum Hönnu Maríu, tímabundið í það minnsta. Ég mun kynna nánar hvað fellst í þessu samkomulagi og í framhaldi setja á heimasíðuna. Hins vegar þykir okkur ekki óeðlilegt að auglýsa eftir fulltrúa til að gæta jafnræðis. Ásgerður er meðvituð um það og sýnir þeirri ákvörðun skilning.

Í apríl stóð félagið fyrir vorferð þar sem var farið í dagsferðalag og stoppað á nokkrum stöðum á leiðinni. Guðmundur Þór, Katrín og Valgarð sáu um skipulagninguna og gerðu það afskaplega vel. Þau lögðu mikla vinnu í allt skipulag og má nefna að Katrín var búin að lesa sér vel til um það sem fyrir augu bar á leiðinni og var sögumaður í rútunni. Þessi ferð heppnaðist vel ef frá er talið óhagstætt veður.

Í September stóð félagið fyrir Haustfagnaði. Það sóttu um 150 manns þann viðburð og var almenn ánægja hjá þeim sem sóttu viðburðinn. Því miður þá varð nokkuð tap á þessum viðburði og hefur illa gengið undanfarin ár að stilla innkomu við útgjöld.

Stjórn ákvað á fundi nýverið að draga félagið úr viðburðum á Spáni, en hér heima verður áfram aðalfundur og Grísaveisla á meðan áhugi er á því. Grísaveisla var í fyrra og í ár skipulögð af sérstakri skemmtinefnd. Við viljum hafa þann hátt á áfram enda er félagsstarf allt léttara og betra ef margar hendur vinna saman.

Nú er tekið til starfa Íslendingafélag á Spáni, þau hafa sett upp facebooksíðu og verða líklega með heimasíðu. Tilgangur þess er m.a. viðburðir allskonar sem við getum sótt hvert og eitt. Þess utan eru einstaklingar á Spáni sem standa fyrir allskonar viðburðum, spilavist hér og þar, þrjónahittingar, spjallhittingar minigolf og golf, gönguklúbbar, keila og eflaust fleira. Við viljum gjarna koma öllum þessum viðburðum á viðburðardagatal hjá okkur en til þess þurfum við ábendingar frá félagsmönnum.

Í júní í fyrra sendi ég út tölvupóst til fyrrum formanna og var tilgangurinn að fá þá til að rifja upp helstu áherslur hér á árum áður. Hugmyndin var að safna saman upplýsingum eftir tímabilum til að gefa mörgum nýjum félögum smá innsýn inn í



starfsemi félagsins á liðnum árum. Þetta er opið ennþá og hugmyndin stendur ef fyrrum formenn eru til í þetta.

Margir eru búin að fá félagsskírteini fyrir 2018 en ekki allir þó. Við sendum nú tvö kort á hvern féлага og komum til móts við raddir félagsmanna sem bent hafa á að að hver félagsmaður eigi í flestum tilfellum maka sem er jafnframt félagsmaður.

Ég vil geta þess að við höfum átt í löngu og góðu samstarfi við Leturprent allt frá 2009. Það fyrirtæki sér um alla prentun fyrir okkur og setur kort í umslag og kemur til okkar. Þetta fyrirkomulag sparar okkur stjórnarmönnum snúningana og hefur gefist afar vel. Eigandi Leturprent er Burkni Aðalsteinsson og er hann jafnframt húseigandi á Spáni og félagsmaður og jú ég þekki ágætlega til hans.

Ómar Örn, Valgarð, Eiríkur Ingi, Katrín gefa ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og vil ég fyrir hönd félagsins þakka þeim fyrir samstarfið og vinnuframlag þeirra til félagsmanna. Þá þökkum við mökum allra stjórnarmanna fyrir þeirra þátt. Ég ásamt Bjarna og Steinunn Camillu höldum ferðalaginu áfram með nýjum félögum.

Við teljum að þetta ár hafi verið ár breytinga og erum nú með einfaldari rekstur en við höfum haft undanfarin ár.

Ég vil að endingu þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn fyrir samstarfið og ykkur öllum fyrir áheyrnina.